

RÍÓ

288. tbl. janúar 2018

MYNDIR

mánaðarins



MAZE RUNNER — THE — DEATH CURE



 Tannlæknafélag Íslands mælir
með notkun xylitols sem
aðalsætuðfni í tyggigúmmii

 **Boröa** **Drekka**
tyggja 

HEIÐA RÚN



STELLA BLÓMKVIST

Sjónvarp Símans Premium

Í fyrsta sinn í íslensku sjónvarpi
kemur heil þáttaröð inn í einu

Ný íslensk leikin þáttaröð. Stella Blómkvist er lögfræðingur
sem tekur að sér erfið mál og vilar ekki fyrir sér að beita
brögðum til að fá sínu framgengt.

siminn.is/premium



Síminn

A Viaplay
ORIGINAL

RED ARROW
INTERNATIONAL

ISLANDS

Alþingi
Ríkisstjórn

Co-funded by the
Creative Europe Programme
of the European Union

HAGKAUP

FULLTINGI
Hætt og skattabætt

Útgefið í janúar

DVD

11.01.	My Little Pony: Bíómyndin	Myndform	Teiknimynd	Leyfð	13
18.01.	Logan Lucky	Myndform	Glæpagrín	12 ára	16
25.01.	American Made	Myndform	Sannsögulegt	12 ára	21

VOD

4.01.	November Criminals	Sena	Spennmynd	12 ára	10
5.01.	Heiða	Myndform	Barnaefni	Leyfð	12
5.01.	Cast No Shadow	Myndform	Teiknimynd	Leyfð	13
11.01.	My Little Pony: Bíómyndin	Myndform	Drama / Rómantík	12 ára	16
11.01.	Advance & Retreat	Sena	Rómantík	Leyfð	14
11.01.	Against the Wild: Survive the ...	Sena	Fjölskyldumynd	Leyfð	14
12.01.	American Fango	Myndform	Rómantík	12 ára	15
12.01.	Dead Awake	Myndform	Hrollvekja	16 ára	15
18.01.	Logan Lucky	Myndform	Glæpagrín	12 ára	16
18.01.	Bad Date Chronicles	Sena	Rómantík	Leyfð	18
18.01.	The Mountain Between Us	S & V	Drama / Ævintýri	12 ára	18
19.01.	All I See is You	Myndform	Sálfræðidrama	16 ára	19
19.01.	Skógarfjör	Myndform	Barnaefni	Leyfð	19
22.01.	It	S & V	Tryllir	16 ára	20
25.01.	Kingsman: The Secret Service	S & V	Grín / Hasar	16 ára	22
25.01.	Do I Say I Do?	Sena	Rómantík	Leyfð	24
26.01.	Tashi	Myndform	Barnaefni	Leyfð	24
26.01.	So B. It	Myndform	Drama	12 ára	25
29.01.	Victoria & Abdul	S & V	Sannsögulegt	12 ára	25

Tölvuleikir

26.01.	Monster Hunter World	Sena	Hasar / Hlutverkal.	16 ára	28
--------	----------------------	------	---------------------	--------	----



MYNDIR MÁNAÐARINS

288. töl. janúar 2018

Útgefandi: Myndir mán. ehf., Trönuhrauni 1, 220 Hafnarfirði, sími 534-0417

Heimasíða: www.myndirmanadarins.is


Ábyrgðarmaður: Stefán Unnarsson / myndmark@islandia.is

Texti / Umbrot: Bergur Ísleifsson

Prófkör: Veturliði Óskarsson

Prentun / Bókband: Ísafoldarprentsmiðja

Upplag: 22.000 eintök


TVÆR
FRÁBÆRAR
Á DVD/VOD Í JANÚAR


MYNDFORM



RÍFÐU Í ÞIG EINA MEÐ RÆMUNNI

Fátt passar betur með bíómynd en góð pizza. „Skelltu spólunni í tækið“ og pantaðu á dominos.is eða í gegnum Domino's appið.



Domino's®

www.dominos.is · Domino's app · sími 58 12345

Stjörnuþámanaðarins



Vatnsberinn 20. jan. - 18. feb.

Þú ákveður að sýna fyrirhyggju og kaupa allar jólagjafirnar sem þú ætlar að gefa um næstu jól á út-sölunum í janúar. Býsna snjallt út-spil hjá þér aldrei þessu vant.



Fiskarnir 19. feb. - 20. mars

Ef þú hefur strengt einhver áramótaheit er mikilvægt að þú standir við a.m.k. tvö þeirra fram í mars. Hættu að sjúga svona alltaf upp í nefið. Þú ert ekki ryksuga.



Hrúturinn 21. mars - 19. apríl

Það lítur út fyrir að janúar verði mjög hagstæður fyrir alla í hrúts-merkinu nema þá sem búa sunnan við Svalbarða. Athugaðu með að fjárfesta í nýjum nælonskyrtum.



Nautið 20. apríl - 20. maí

Reyndu að sjá björtu hliðarnar á tilverunni og þakkaðu a.m.k. fyrir að hafa ekki fæðst sem slorbjalla á Filippseyjum. Þú verður sennilega banani í næsta lífi eða kengúra.



Tviburarnir 21. maí - 21. júní

Við sjáum móta fyrir einhvers konar dekkjum í janúarkortinu þínu að þessu sinni. Gætu verið úr gúmmí en sennilegra er að þú hafir bara borðað allt of mikið í desember.



Krabbinn 22. júní - 22. júlí

Þú finnur útbrunnið stjörnuljós á bak við stein í nágrenni vinnunnar og ert að spá í að henda því en hættir við og gefur Einari það í staðinn. Þú kveikir tvisvar á perunni.



Ljónið 23. júlí - 22. ágúst

Þú hefur þyngst alveg svakalega að undanförunu sem væri í lagi ef þú værir kjúklingur en gengur ekki ef þú ætlar að nota sömu jólafötin aftur næst. Settu nýtt gat í beltið.



Meyjan 23. ágúst - 22. sept.

Notaðu árið 2018 til að skipta um skoðanir því þessar sem þú ert með eru fyrir löngu orðnar úreltar. Gerðu eitthvað þér til upplýfingar eins og t.d. að læra senegölsku.



Vogin 23. sept. - 23. okt.

Eitthvað sem er yfirvofandi er að angra þig þessa dagana og það væri langbest fyrir þig ef til væri eitthvert krem við því. Farðu í apó-tekið og spurðu að minnsta kosti.



Sporðdrekin 24. okt. - 21. nóv.

Árið 2018 verður mjög annasamt hjá þér, sérstaklega fyrir hádegi á þriðjudögum og rétt fyrir fimm á föstudögum. Þú kemur loksins við á Látrabjargi seinni partinn í sumar.



Bogmaðurinn 22. nóv. - 21. des.

Ekki spenna bogann of hátt á næstunni því þá lendirðu í því sama og hann Grettir sem braut sinn og átti svo ekki fyrir nýjum því að heimildin á viskortinu var útrunnin.



Steingeitin 22. des. - 19. jan.

Þú dregur nokkrar ýsur og dreymir að þú sért á leiðinni til Los Angeles að hitta Selenu Gomez en hrekkur svo upp og uppgötvar að síminn er aftur orðinn rafmagnslaus.

Minningar mánaðarins



Kirk Douglas, sem var ein af stórstjörnum bandarískra kvikmynda á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar og átti að baki 62 ára leikferil þegar hann lék í sinni síðustu mynd árið 2008, þá 92 ára, varð 101 árs 9. desember síðastliðinn. Kirk var þrisvar tilnefndur til Óskarsverðlauna á sínum tíma, árin 1950, 1953 og 1957, en sennilega reis stjarna hans í hæstu hæðir þegar hann lék titilhutverkið í mynd Stanley Kubrick, *Spartacus*, árið 1960. Sú mynd varð á þeim tíma næst dýrasta mynd sem framleidd hafði verið í Hollywood á eftir *Ben-Hur*,



Kirk Douglas og Stanley Kubrick

og þótt hún yrði síðan geysivinsæl og hlyti mörg verðlaun, þar á meðal fern Óskarsverðlaun, hefur hún allar götur síðan verið notuð sem skólabókardæmi um hvernig á ekki að framleiða kvikmyndir. En það er önnur og mun lengri saga.



Steven Soderbergh fékk ungur að árum mikinn áhuga á kvikmyndagerð og hafði gert margar stuttmyndir upp á eigin spýtur þegar hann fékk sitt fyrsta stóra og launaða verkefni aðeins 22 ára að aldri árið 1985. Það var að taka upp og leikstýra tónleikum með hljómsveitinni Yes sem haldnir voru í Edmonton í Albertaríki Kanada í september það ár og nefndust eftir nýjustu plötu sveitarinnar, 90125. Útkoman, rokkheimildarmyndin *Yes: 9012 Live*, hlaut gríðarlega góðar viðtökur og var af mörgum útnefnd besta tónleikamynd sem gerð hafði verið. Þetta opnaði dyrnar fyrir Steven til að gera stuttmyndina *Winston* sem síðan varð að myndinni *Sex, Lies, and Videotape*, en hún hlaut mikið lof og mörg alþjóðleg verðlaun, þar á meðal Gullpálmann í Cannes (sjá mynd) og tilnefningar til Golden Globe-, BAFTA- og Óskarsverðlauna sem besta mynd ársins 1989 auk fjölda annarra viðurkenninga.



Judi Dench, sem varð 83 ára 9. desember (já hún á sama afmælisdag og Kirk Douglas) hóf leikferil sinn í breskum leik húsum ung að aldri og var fyrir löngu orðin að eftirlæti enskra leiklistaraðdáenda áður en hún sló í gegn utan landsteinanna. Hér á landi varð hún fyrst þekkt þegar Ríkissjónvarpið hóf sýningar á gamanþáttunum *A Fine Romance* árið 1982 en í þeim lék Judi á móti eiginmanni sínum, Michael Williams sem hún hafði



gíft árið 1977. Þættirnir voru um sambýlisfólkið Lauru og Mike sem þrátt fyrir að elda stöðugt saman grátt silfur fundu alltaf samhljóm sín á milli sem hélt þeim saman. Þessir þættir voru á dagskrá í fjögur ár, nutu mikilla vinsælda og öfluðu Judi margra aðdáenda sem hafa haldið upp á hana síðan.



Colin Firth er fæddur í september árið 1960 og fékk leiklistarbakkeriuna strax í leikskóla þegar hann lék í jóla-leikriti skólans. Eftir grunnskóla stundaði hann síðan nám í Drama Center-leiklistarskólanum í London og þar var hann „uppgötvaður“ þegar hann þótti fara á kostum í *Hamlet* á lokaárinu. Hann fékk því strax vinnu eftir að hafa lokið námi og á níunda áratugnum lék hann ýmis hlutverk, bæði á sviði og í sjónvarpsmyndum, sem öfluðu honum bæði vinsælda og virðingar innan breska leiklistarsamfélagsins. Stóra bíómyndatækifærið kom svo árið 1989 þegar Milos Forman réð hann í titilhutverk myndarinnar *Valmont* þar sem Colin lék hinn óprúttna Valmont greifa sem veðjaði við Merteuil að hann gæti dregið hina heiðvirðu og giftu Madame de Tourvel á talar og til lags við sig. Það tókst í tvennum skilningi því Colin og Meg Tilly sem lék de Tourvel lifðu sig svo vel inn í hlutverkin að þau byrjuðu saman á meðan á tökum myndarinnar stóð og eignuðust síðan saman soninn William Joseph Firth tíu mánuðum eftir frumsýningu myndarinnar.



Mest selda tómatarvara
Ítalíu

F. Mutti


HVERNIG TÓMATA KAUPIR ÞÚ?



TÓMATAR 99,8%
SALT 0,2%

EÐA?

VATN OG ÖNNUR
AUKAEFNI 30-40%



TÓMATAR 60-70%

MUTTI EINSTAKIR TÓMATAR




Það skrítna við þessa vinnu er að maður getur ekki lært hvernig á að gera hlutina rétt, bara hvernig maður gerir þá rangt. Þetta er frekar hvítleitt.

- Steven Soderbergh, um gerð kvikmyndu.



Ég hef margfalt fengið að heyra spurninguna „jæja, svo þig langar að verða fræg?“ Uh, nei, mig langar að verða góð leikkona. Það eru alveg ótrúlega margir sem halda að leikarar leiki vegna þess að þá langi svo að verða frægir. En ég get alveg sagt hverjum sem er að leikari sem hefur það eitt að markmiði að verða frægur mun aldrei ná langt því þetta snýst ekkert um þá hluti heldur að verða góður í því sem maður er að gera. Ég fór í leiklist vegna þess að ég elska leiklist og langar að verða eins góð leikkona og ég get frekast orðið. Frægðin er fylgiskur, ekki markmið.

- Chloë Grace Moretz.



Ég held að mesta samfélagsbreytingin á undanförunum árum felist í því að áður fyrr þurfti fólk að leita eftir þekkingu í bókum og leggja eitthvað á sig til að nálgast hana og skara síðan fram úr á sínu sviði. Þeir sem það gerðu nutu síðan virðingar og á þá var hlustað. Í dag þarf ekki annað en tölvu og aðgang að netinu til að allir telji sig sérfræðing án þess að þurfa að leggja neitt á sig annað en að læra að kópi/peista.

-David Strathairn.




Ég hef eiginlega aldrei nennt að lesa handrit sem mér hafa verið send. Frekar vil ég að einhver komi og útskýri bara fyrir mér um hvað sagan er og hvernig fólkið í henni hagar sér og ef mér líkar við það þá læri ég línurnar.

- Judi Dench.



Ég tel mig mjög heppinn að hafa fæðst með þetta andlit. Það hefur hjálpað mér að það skuli vera svo mikið miðjumað og hlutleysi í því að það er auðvelt að láta það líta betur út eða verr, allt eftir persónunni sem ég er að leika.

- Colin Firth.



Það var árið 2011 sem vinkona mín og samstarfsfélagi Jessica Barth sagði mér frá hegðun Harveys Weinstein gagnvart henni og öðrum konum. Það var á grunni hennar frásagnar sem ég gat ekki staðist að segja það sem ég sagði á Óskarnum tveimur árum síðar. Jessica hefur síðan komið fram og sagt frá þessu opinberlega, sem er gott því það er ekkert jafn ógeðslegt og óverjandi og misbeiting á valdi og ég ber endalausa virðingu fyrir Jessicu og öllum þeim konum sem hafa ákveðið að stíga fram og segja sína sögu, fyrir að gerast riddarar sannleikans.

- Seth MacFarlane, að útskýra orð sín eftir að hafa lesið upp nöfn þeirra kvenna sem tilnefndar voru fyrir leik í aukahlutverki 2013: „Congratulations, you five ladies no longer have to pretend to be attracted to Harvey Weinstein.“




Ég reyndi að komast inn í Julliard en var hafnað. Ég bjó hjá foreldrum mínum, þurfti að borga leigu, vissi ekkert hvað ég ætti að gera og borðaði of marga hamburgara. Það var þá sem ég ákvað að ganga í herinn.

- Adam Driver, um árið eftir grunn-skólann.



Ég hef bara ekki nokkra einustu hugmynd um það. Ég er ekkert bundinn og ég bara tek því sem kemur, ef eitthvað kemur, og vona að það verði skemmtilegt.

- Daniel Craig, spurður að því hvað hann ætli að gera þegar hann er hættur að leika James Bond.



Fólk virðist alltaf halda að ég hafi skipulagt feril minn fyrirfram. Ég hef oft fengið hrós fyrir að hafa gert það svona vel. Staðreyndin er að ég skipulagði aldrei neitt og skipulegg ekkert í dag heldur. Ég bara skoða það sem mér býðst hverju sinni og reyni að velja það sem mér finnst að eigi best við mig í það skipti og höfðar mest til mín, og þá á ég ekkert endilega bara við verkefnið sjálft heldur líka hverjir verða samstarfsmenn mínir í verkefninu. Svo fer þetta líka eftir skapinu, hvort ég sé tilbúin í einhver átök eða vilji sigla lygnan sjó í næsta verkefni. Svo skiptir tíminn máli. Svona er þetta og kallast ekki skipulagning.

- Kate Winslet, spurð hvernig hún velji verkefni sín.



Þetta er bara vitleysa.

- Idris Elba, spurður að því hvað honum finnst um að vera talinn á meðal kynþokkafyllstu karla.



Ég hef ekki nokkra hugmynd um það. Það stóð aldrei til að ég reyndi að herma eftir hvernig Tim Curry lék hann. Ég hefði ekki getað það heldur hvort sem er. Ég gat bara leikið hann eins og ég lék hann. Það verða aðrir en ég að svara þessari spurningu.

- Bill Skarsgård, spurður að því hvaða munur væri á því hvernig Tim Curry lék trúðinn Pennywise og hvernig hann sjálfur lék hann.



Ég ætlaði aldrei að verða leikari. Ég var alltaf viss um að ef ég reyndi það þá myndu allir segja að ég fengi bara hlutverk út á hann.

- Domhnall Gleeson, sem er sonur Brendans Gleeson.



Staðreyndin er að á bak við frægðina þá er Tom Cruise frábær leikari með einstaka hæfileika og getur leikið hvaða hlutverk sem er.

- Doug Liman, leikstjóri myndarinnar American Made.




GLEÐILEGAN VEGANÚAR GRÆNT OG GÓMSÆTT



Hälsans Kök hjálpar þér með fjölbreyttan veganúar.
Ljúffengir réttir sem tekur enga stund að elda
og eru með hollustunni í liði. Lifðu og njóttu.

100% bragðmikið og grænmetis





Aðalhl.: Ansel Elgort, Chloë Grace Moretz og Catherine Keener **Leikstj.: Sacha Gervasi** **Útgefandi: Sena**

Spennumynd

4. janúar

November Criminals

Einhver þarf að komast að sannleikanum

Þegar besti vinur hins 18 ára Addisons er myrtur getur hann ekki sætt sig við þá skýringu sem flestir virðast telja rétta að um gengjamorð hafi verið að ræða og ákveður að hella sér út í rannsókn málsins upp á eigin spýtur.

Addison hafði hitt besta vin sinn Kevin skömmu áður en hann var myrtur og telur sig vita manna best að hann var ekki flæktur í neitt misjafnt sem gæti hafa kallað yfir hann einhvers konar hefndar- eða gengjamorð. Lögreglan og allir aðrir virðast samt á öðru máli og Addison finnur sig því knúinn til að komast að hinu sanna og finna morðingjann, þvert gegn ráðum unnustu sinnar, Phoebe, sem list ekkert á frumkvæði hans. En Addison getur ekki látið málið kyrrt liggja ...

Punktur

• *November Criminals* er byggð á samnefndri bók eftir Sam Munson sem kom út 2010 og höfðar fyrst og fremst til unglinga sem kunna að meta sakamálasögur.



pau Addison og Phoebe eru ekki á eitt sátt um rannsókn Addisons á málinu en þau eru leikin af hinum ungu stórstjörnum Ansel Elgort og Chloë Grace Moretz.

Cold Moon

Larkins-fjölskyldan er gott fólk – þangað til þau deyja

Larkins-fjölskyldan býr í litlu bæjarfélagi sunnarlega í Bandaríkjunum og hefur þurft að þola mörg áföll, sum alveg skelfileg ... svo skelfileg reyndar að þau eiga eftir að breyta a.m.k. sumum í fjölskyldunni í blóðþyrst lík.

Það má segja að um leið og *Cold Moon* fái hárin til að rísa sé hún nokkurs konar óður til b-hrollvekjumynda fyrri ára enda gerð í stíl sem rekja má allt aftur til sjöunda áratugar síðustu aldar. Þetta er því engan veginn mynd fyrir viðkvæma en þeir sem hafa gaman af hrollvekjum og geta hlegið að hugmyndafluginu ættu að kíkja á hana ... og hermt er að sögulokin í henni komi hressilega á óvart!

Punktur

• Myndin er byggð á bókinni *Cold Moon Over Babylon* eftir Michael McDowell sem kom út árið 1980, en Michael skrifaði m.a. einnig söguna og handritið að myndinni *Beetlejuice* sem Tim Burton leikstýrði og sendi frá sér árið 1988.



Aðalhlutv.: Josh Stewart, Candy Clark, Frank Whaley og Robbie Kay **Leikstj.: Griff Furst** **Útgef.: Myndform**

Hrollvekja

5. janúar



Já, já ... þú getur hlaupið og falið þig eins og þú vilt, en þú sleppur samt ekki.

ALVÖRU ÁRAMÓT

ENGINN SYKUR





Teiknimyndir með íslensku tali um hina góðhjúrtuðu og síglöðu Heiðu **Útgefandi:** Myndform

Teiknimyndir

5. janúar

Heiða

Saga um hugljúfa stúlku sem bætir allt og alla

Nýir teiknimyndapættir, byggðir á hinni sígildu bók um Heiðu eftir svissneska rithöfundinn Jóhönnu Spyri, en hún kom upphaflega út árið 1881.

Bók Jóhönnu Spyri um Heiðu er þjóðargersemi í Sviss enda eitt þekktasta bókmenntaverk Svisslendinga fyrr og síðar. Sagan er eins og flestir vita um hina sex ára gömlu og munaðarlausu Heiðu sem flytur upp í Alpna til afa síns, en hann er sérvitur einsetumaður, hvumpinn og önnugur við flesta sem hann hittir. En koma Heiðu á fljótlega eftir að gjörbreyta viðhorfum hans til lífsins enda getur enginn verið í vondu skapi lengi sem hefur þessa lífsglöðu, skemmtilegu og snjöllu stúlku sér við hlið.



Punktar

- Þessi útgáfa inniheldur þætti 21 til 24 í seríunni en fyrri þættirnir, þættir 1 til 20, ættu allir að vera enn fáanlegir á VOD-leigunum.



Teiknimyndapættirnir um Heiðu þykja allveg einstaklega vel gerðir.

Cast No Shadow

Hvar býr tröllid?

Áhugaverð og áhrifarík mynd frá Nýfundnalandi um ungan strák með brotna sjálfsmynd sem telur að tröll eitt sé ábyrgt fyrir óföllum sínum.

Kvikmyndaáhugafólk sem kann að meta óháðar myndir og „öðruvísi“ sögur ætti að kíkja á þessa verðlaunamynd leikstjórans Christians Sparks sem þykir áhugaverð í meira lagi, afar vel leikin og áhrifarík, en sagan í henni og atburðarásin er þess eðlis að það er langskemmtilegast að láta hana koma sér á óvart ...

Punktar

- Þeir Joel Thomas Hynes og Percy Hynes White sem leika feðgana Angus og Jude í *Cast No Shadow* eru feðgar í raun en Joel skrifaði einnig handrit myndarinnar.
- Myndin hefur hlotið fjölda verðlauna, þ. á m. sex helstu verðlaunin á Atlantic-kvikmyndahátíðinni í Kanada, þ.e. fyrir besta leik í aðalhlutverkum karla og kvenna, besta handrit, bestu kvikmyndatöku, bestu leikstjórn og sem besta myndin.



Hinn ungi Percy Hynes White þykir sýna snilldarleik í þessari áhugaverðu mynd.



Aðalhl.: Percy Hynes White, Joel Thomas Hynes og Mary Chisholm **Leikstj.:** Christian Sparks **Útg.:** Myndform

Drama / Fantasía

5. janúar



Hvað getur mögulega farið úrskeiðis?

Lífið í höfuðborg smáhestanna gæti varla verið fullkomnara en það er, enda byggt á gleði, söng, ævintýrum og órjúfalegum vinaböndum. En þegar hin vonða og valdagráðuga Tempest Shadow ákveður að taka völdin ásamt ófrýnilegum þjónum sínum neyðast smáhestarnir undir forystu prinsessunnar Skystar til að ferðast þvert í gegnum Smáhestaland og freista þess að finna nýja bandamenn sem geta hjálpað þeim.

Það kannast áreiðanlega flestir við Pony-smáhestana sem hafa verið vinsæl barnaleikföng allt frá því að leikfangaframleiðandinn Hasbro setti þau á markað árið 1981. Í kjölfarið voru síðan framleiddar bæði myndasögur og teiknimyndapættir sem hafa ekki síður notið vinsælda yngstu kynslóðarinnar allt frá byrjun. Þann 11. janúar verður síðan fyrsta bíómyndin í fullri lengd gefin út á DVD og VOD um ævintýri þessara litríku smáhesta, en hún er gerð af sama fólki og skapaði nýjustu teiknimyndaseríuna árið 2010 og sýnd hefur verið í sjónvarpinu undir samheitinu *Vínátta* og *Töfrar*.

Punktar

- Myndin er að sjálfsgöðu talsett á íslensku og eru það m.a. þau Sigríður Eyrún Friðriksdóttir, Selma Björnsdóttir, Þórdís Björk Þorfinnsdóttir, Bryndís Ásmundsdóttir, Álfrún Helga Örnólfsdóttir, Ólöf Kristín Þorsteinsdóttir, Hildur Kristín Stefánsdóttir, Heiða Ólafsdóttir, Hjálmar Hjálmarsson og Viktor Már Bjarnason sem tala fyrir persónurnar, en leikstjóri var Tómas Freyr Hjaltason.



My Little Pony: Bíómyndin

Teiknimynd



Teiknimynd með íslensku tali **Höfundar:** Jayson Thiessen, Meghan McCarthy, Joe Ballarini og Bonnie Zacherle **Útgefandi:** Myndform

11. janúar





Advance & Retreat

Stundum þarf að bakka til að komast áfram

Allison er markaðsfræðingur sem vonast eftir stöðuhækkun innan fyrirtækisins sem hún vinnur hjá. En áður en af því getur orðið þarf hún að gera upp málin við fyrrverandi unnusta sinn sem sveik hana illa tíu árum áður.

Advance & Retreat er létt og rómantísk mynd, og kjörin fyrir alla fjölskylduna. Ástæðan fyrir því að Allison neyðist til að hitta fyrrverandi unnusta sinn, Cody, á ný og gera upp málin er að fyrirtækið sem hún vinnur hjá býður öllum starfsmönnum sínum upp á dvöl í sömu sumarhúðum og Allison hitti Cody í tíu árum fyrr og í ljós kemur að hann er nú orðinn eigandi húðanna. Til að eiga möguleika á stöðuhækkuninni verður Allison að mæta á svæðið þótt henni sé það í fyrstu þvert um geð þar sem hún vill ekki hitta Cody á ný og auðvitað grunar hana ekki hvaða stefnu atburðarásin tekur þegar Cody uppgötvar að hún er komin ...



Casey Deidrick og Riley Voelkel leika þau Allison og Cody í Advance & Retreat.

Aðalhl.: Riley Voelkel, Casey Deidrick og Brandon W. Jones **Leikstj.**: Steven R. Monroe **Útgefandi**: Sena

Rómantík

11. janúar



Against the Wild: Survive the Serengeti


Týnd í óbyggðum

Systkinin Ryan og Emma Croft lenda í miklum vanda þegar flugvél sem þau eru í brotlendir í frumskógi og óbyggðum og flugmaðurinn lætur lífið.

Hér er á ferðinni fjölskyldumynd í anda myndarinnar *Against the Wild* frá árinu 2014 og segir svipaða sögu af sams konar hrakningum tveggja barna og hundsins þeirra, en nú í frumskógi og óbyggðum Afríku. Þau Ryan og Emma deyja ekki ráðalaus þótt útlitið sé svart, ekki síst vegna allra villtu dýranna sem þarna búa og eru ekki öll vinveitt ungum manneskjum eins og þeim. Þau vita sem er að þeirra verður leitað og því snýst björgun þeirra um að koma sér út úr frumskóginum sem fyrst og inn á sléttuna svo þau verði sýnilegri þeim sem leita þeirra úr lofti. Vandamálið er að sléttan er jafnvel enn hættulegri en frumskógurinn og það á því eftir að koma sér vel þegar þau systkin hitta fíl sem gengur í lið með þeim ...



John Paul Ruttan og Ella Ballentine leika systkinin týndu, Ryan og Emmu.



Aðalhlutverk: John Paul Ruttan, Ella Ballentine og Jeri Ryan **Leikstjórn**: Richard Boddington **Útgefandi**: Sena

Fjölskyldumynd

11. janúar



American Fango

Ítalskar ástir í New York

Francesco er ungur ítalskur leikari sem ákveður að leggja allt sitt undir og fara til Los Angeles að freista gæfunnar. Þegar það gengur ekki upp heldur hann til New York þar sem hann slær í gegn sem þjónn á veitingahúsi!

American Fango sækir innblásturinn í eigin reynslu leikstjórans Gabriele Altobelli af sinni fyrstu heimsókn til Bandaríkjanna. Eftir að hafa lent í funheitu ástarævintýri í Los Angeles með leikkonu að nafni Christine er hann svikinn í tryggðum og heldur niðurbrotinn til New York. Þar gengur heppnin hins vegar í lið með honum og áður en varir hefur hann úr fleiri tilboðum að velja en hann ræður við ...

Punktur

- *American Fango* hefur hlotið nokkur verðlaun á kvikmyndahátíðum og var t.d. valin besta myndin á óháðu kvikmyndahátíðinni í Los Angeles (LAIFFA) árið 2016.



Þegar Francesco kemur til New York fær hann fljótlega vinnu á vinsælu veitingahúsi þar sem ís á eftir að koma mikið við sögu.



Aðalhl.: Brando Boniver, Emily Jackson og Samantha Scaffidi **Leikstjórn**: Gabriele Altobelli **Útg.**: Myndform

Rómantík

12. janúar



Aðalhlutv.: Jocelin Donahue, Jesse Bradford og Jesse Borrego **Leikstj.**: Richard Boddington **Útg.**: Myndform

Hrollvekja

12. janúar

Dead Awake

Þú getur ekki flúið

Beth er ung kona sem þjáist af svokallaðri svefnrofalömun sem lýsir sér í því að þótt hún vakni þá getur hún ekki hreyft sig. Þegar skelfileg vera byrjar að ásækja hana þegar hún er í þessu ástandi getur hún ekki gert sér grein fyrir hvort veran tilheyrir draumaveröldinni eða sé raunveruleg.

Dead Awake er hrollvekjandi mynd sem margir hafa lýst sem nokkurs konar blöndu af *Nightmare on Elm Street*- og *Ring*-myndunum. Til að byrja með nær Beth að vakna og hreyfa sig áður en hin óhugnanlega vera nær til hennar en að því kemur að hún lýtur í lægra haldi og deyr, systur sinni Kate og unnusta hennar til mikillar skelfingar. Um leið byrja þau tvö einnig að þjáist af sams konar svefnrofalömun og vita þá sem er að þeirra bíða sömu örlög og Beth nái þau ekki að finna lækningu innan nokkurra daga. En kannski er það þegar orðið of seint ...



Jocelin Donahue leikur tvöfalt hlutverk í *Dead Awake*, tvíbúrasysturnar Kate og Beth.

Bara helmingurinn er heppni


Þegar Jimmy Logan er sagt upp vinnunni og fyrrverandi eiginkona hans ákveður að flytja með dóttur þeirra á fjarlægjar slóðir sér Jimmy sæng sína uppreidda og leggur til við bróður sinn Clyde að þeir fremji bíræfið rán á milljónum dollara þrátt fyrir hina svokölluðu Logan-bölvun sem er sögð hvíla á þeim.

Steven Soderbergh mætir hér aftur á svæðið með eituhressa mynd en eins og þeir vita sem fylgjast með fréttum úr kvikmynda-bransanum lét hann þau boð út ganga árið 2013 að hann væri hættur að gera kvikmyndir. Því trúðu fáir auðvitað, jafnvel enginn.

Logan Lucky er fyndinn og fjörugur farski og glæpagrín eins og það gerist best þar sem fjöldi þekktra leikara fer með hlutverk persóna sem eru gjörólíkar þeim sem þeir hafa áður leikið. Samtölin eru einstök, framburðurinn líka, uppákomurnar kostulegar, ránið hugmyndaríkt ... og samt er enn ekki á hreinu hver skrifaði handritið!



Adam Driver og Channing Tatum leika Logan-bræðurna Clyde og Jimmy sem ákveða að fremja bíræfið og úthugsað rán.



Logan Lucky

Glæpagrín



Aðalhlutverk: Channing Tatum, Adam Driver, Daniel Craig, Katie Holmes, Seth MacFarlane, Katherine Waterston, Hilary Swank, Riley Keough, Sebastian Stan og Boden Johnston **Leikstjórn:** Steven Soderbergh **Útgefandi:** Myndform

18. janúar

Punktar

★★★★★ - *N.Y. Times* ★★★★★ - *Time* ★★★★★1/2 - *Variety* ★★★★★1/2 - *Rolling Stone* ★★★★★1/2 - *RogerEbert.com* ★★★★★1/2 - *Chicago Sun-Times* ★★★★★ - *Entert. Weekly* ★★★★★ - *Guardian* ★★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *Telegraph* ★★★★★ - *L.A. Times* ★★★★★ - *Screen* ★★★★★ - *Total Film*

• *Logan Lucky* hefur fengið toppdóma allra virtustu gagnrýnendanna á Metacritic og er sannarlega mynd sem langflestir áhorfendur ættu að kunna að meta, ekki síst aðdáendur Stevens Soderbergh sem á að baki frábærar myndir eins og *Ocean's*-myndirnar, *Out of Sight*, *The Limey*, *Erin Brockovich*, *The Informant*, *Contagion*, *Magic Mike*, *Haywire*, *Traffic*, *Side Effects* og *Behind the Candelabra*.



Joe Bang (Daniel Craig) ásamt bræðrum sínum, Fish Bang og Sam Bang (Jack Quaid og Brian Gleeson), en þeir eiga talsvert eftir að koma við sögu í ráninu sem Logan-bræðurnir eru að skipuleggja.

Veistu svarið?

Steven Soderbergh er eini leikstjóri síðastliðinna 80 ára sem hefur verið tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir leikstjórn tveggja mynda á sama árinu. Þetta gerðist árið 2001. Hverjar voru myndirnar?



Traffic og Erin Brockovich.



Katie Holmes leikur fyrrverandi eiginkonu Jimmys Logan og er ein af mörgum frægum leikurum sem fara með aukahlutverkin í myndinni.

KÆRU LANDSMENN

Við óskum ykkur gleðilegs árs og þökkum
ánægjuleg viðskipti á árinu sem er að líða





Aðalhl.: Merritt Patterson, Justin Kelly og Lanie Mc-Auley **Leikstj.:** Steven R. Monroe **Útgefandi:** Sena

Rómantík

18. janúar

Bad Date Chronicles

Það verður ekki bæði haldið og sleppt

Leigh er ung kona sem heldur úti vefsíðunni Bad Date Chronicles en þar geta lesendur sett inn reynslusögur af stefnumótum við hitt kynið sem farið hafa úrskaiðis af ýmsum ástæðum. En hver er reynsla Leigh sjálf?

Bad Date Chronicles er gerð af sama leikstjóra og gerði myndina Advance & Retreat sem kynnt er á blaðsíðu 14 hér að framan og er af sama meiði, þ.e. létt og rómantísk gamanmynd sem um leið er kjörin til áhorfs fyrir alla fjölskylduna.

Kvöld eitt fer Leigh sjálf á stefnumót sem misheppnast og ákveður í framhaldinu að skrifa um það á vefsíðuna. Sá sem hún fór á stefnumót með, Connor, verður hins vegar bæði sár og reiður yfir lýsingum hennar og ákveður að skrifa sína eigin útgáfu af stefnumótinu. Þetta magnast síðan upp í ritdeilu sem vekur mikla athygli á vefnum og að því kemur að þau Leigh og Connor samþykkja að fara á annað stefnumót til að leiða endanlega í ljós hvort þeirra er nær sannleikanum...



Merritt Patterson og Justin Kelly leika þau Leigh og Connor í Bad Date Chronicles.



Aðalhl.: Idris Elba, Kate Winslet og Beau Bridges **Leikstjórni:** Hany Abu-Assad **Útgefandi:** Síminn og Vodafone

Drama / Ævintýri

18. janúar

The Mountain Between Us

Geturðu treyst ókunnugum fyrir lífi þínu?

Stórleikararnir Kate Winslet og Idris Elba fara hér á kostum í spennandi mynd um tvo ólíka einstaklinga sem þurfa að snúa bókum saman í neyð.

Taugaskurðlæknirinn Ben og ljósmyndarinn Alex eru strandaglópar á flugvelli í Boise í Idaho-ríki og eiga það sameiginlegt að þurfa bæði að vera komin til Baltimore fyrir næsta morgun. Þótt þau þekkist ekki neitt ákveða þau að slá saman og leigja sér einkavél til að ferja sig yfir fjöllin. En flugferðin fer illa þegar vélin brotlendir hátt uppi í einu fjallinu, flugmaðurinn deyr og Alex slasast svo illa að útilokað er að hún geti gengið niður af fjallinu af sjálfsdáðum. Engin byggð er í nánd, á fjallinu er ískuldi og það versta er að hvorugt þeirra lét vita af ferðum sínum þannig að enginn veit hvar þau er að finna. Hvað geta þau tekið til bragðs?

Punktur

★★★★1/2 - The Hollywood Reporter ★★★★★1/2 - The New York Magazine
★★★★1/2 - Village Voice ★★★★★ - Empire ★★★★★ - Screen ★★★★★ - Guardian

• The Mountain Between Us er byggð á samnefndri skáldsögu bandaríska rithöfundarins Charles Martin sem kom út árið 2010, en handritið er skrifað af Chris Weitz sem skrifaði m.a. handrit myndanna About a Boy og The Golden Compass.

• Myndin var að mestu leyti tekin upp í ægifygru fjalllendi á landamærum Albertaríkis og Bresku Kólumbíu í Kanada þar sem Jasper- og Banff-þjóðgarðarnir eru.

• Leikstjóri myndarinnar, Ísraelinn Hany Abu-Assad, á m.a. að baki hinar margverðlaunuðu myndir Paradise Now og Omar.




Þau Ben og Alex þekkja ekki neitt þegar þau leggja af stað í hina örlagaríku ferð yfir fjöllin.

All I See is You

Hvað er og hvað er ekki raunverulegt?

Nýjasta mynd Marcs Foster sem gerði m.a. myndirnar *World War Z*, *Monster's Ball*, *Stranger Than Fiction*, *The Kite Runner* og *Quantum of Solace*.

All I See is You segir frá hjónunum James og Ginu sem hafa verið gift í mörg ár, en Gina er blind eftir bílslys sem hún lenti í sem lítil stúlka. Með nýjustu tækni gæti hún þó öðlast sjón á ný og úr verður að hún kemst í aðgerð sem heppnast vonum frammar. Í fyrstu eru bæði hún og James himinlifandi með árangurinn eins og við mátti búast en smám saman byrja að renna tvær grímur á Ginu. Ástæðan er að ýmislegt sem hún hafði áður þurft að ímynda sér í umhverfi sínu er allt öðruvísi en hún hafði séð fyrir sér í huganum og sumt af því breytir algjörlega sýn hennar á bæði eigið líf og hjónabandið. Var kannski eftir allt saman betra að vera blind?



Jason Clarke og Blake Lively leika hjónin James og Ginu sem standa frammi fyrir nýjum raunveruleika þegar Gina fær sjónina.



Aðalhlutv.: Blake Lively, Jason Clarke og Ahna O'Reilly
Leikstjórn: Marc Forster **Útgefandi:** Myndform

Ástarsaga / Sálfræðidrama **19. janúar**



Skógarfjör

Hvað eru dýrin að bralla?

Stórskemmtilegar fimm mínútna teiknimyndir um alls konar dýr, bæði stór og smá, og kostuleg ævintýrin sem þau lenda í á hverjum einasta degi.

Skógarfjör-þættirnir eru fullir af fjöri frá upphafi til enda, en þeir innihalda ekkert mannamál heldur eingöngu umhverfis- og dýrahljóð og dálítið af tónlist þegar það á við. Þættirnir, sem hafa verið sýndir á vinsælustu barnasjónvarpsstöðvunum, eiga það líka sameiginlegt að vera einstaklega jákvæðir, upplifgandi og saklausir en samt innihalda þeir hæfilega spennu fyrir yngstu áhorfendurna. Alls hafa verið gerðir 39 þættir og hér koma út þættir 14–26.



Teiknimyndir um dýr sem taka upp á ýmsu óvenjulegu
Leikstjórn: J.D. Dillard **Útgefandi:** Myndform

Barnaefni

19. janúar



It

Tryllir



Aðalhlutverk: Bill Skarsgård, Jaeden Lieberher, Nicholas Hamilton, Finn Wolfhard, Jeremy Ray Taylor, Sophia Lillis, Jack Dylan Grazer, Nicholas Hamilton og Wyatt Olev **Leikstjórn:** Andrés Muschietti
Útgefandi: Síminn og Vodafone

22. janúar



Í byrjun sögunnar kynnumst við hinum sex ára gamla Georgie (Jackson Robert Scott) sem fer út að leika sér í rigningunni.

Veistu svarið?

It var átjándi bók Stephens King en áður hafði hann m.a. gefið út bækurnar *Pet Sematary*, *Christine*, *Cujo*, *The Dead Zone*, *Firestarter*, *The Dark Tower: The Gunslinger*, *The Long Walk*, *Thinner*, *Rage*, *The Running Man* og *The Shining*. En hver var fyrsta bók hans?



Carrie

Við hvað eruð þið hrædd?

Þegar sjö vinir í bænum Derry í Maine-ríki Bandaríkjanna komast á snoðir um að í holræsum bæjarins er á kreiki óvættur sem ber að öllum líkindum ábyrgð á hvarfi margra ungmenna í gegnum árin ákveða þau að rannsaka málið á eigin ábyrgð.

It er byggð á samnefndri bók hrollvekjumeistarans Stephens King sem kom út árið 1986 og er af mörgum talin ein hans albesta saga enda hlaut hann fyrir hana margvísleg verðlaun á sínum tíma.

Myndin hefst á því að ungur drengur, Georgie, hverfur sporlaust eftir að hafa farið út að leika sér í rigningunni með pappabát sem eldri bróðir hans, Bill, hafði búið til handa honum. Ári síðar verður Bill hluti af vinahóp sjö ólíkra unglinga í bænum sem komast smám saman á snoðir um að í bænum sé á kreiki óvættur sem heldur til í holræsunum og ásækir ungt fólk í líki ófrýnilegs trúðs sem kallar sig Pennywise. Við þennan vágast þurfa krakkarnir nú að berjast ...



Krakkarnir sjö sem komast á snoðir um tilurð dansandi trúðsins Pennywise lenda vægast sagt í miklum hremmingum í kjölfarið.

Punktar


★★★★★ - *Chicago Sun-Times* ★★★★★1/2 - *Screen Intern.*
 ★★★★★ - *Total Film* ★★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *Telegraph*
 ★★★★★1/2 - *RogerEbert.com* ★★★★★1/2 - *Entertainm. Weekly*
 ★★★★★1/2 - *L.A. Times* ★★★★★1/2 - *N.Y. Times* ★★★★★1/2 - *Slate*

• Leikstjóri *It* er argentínski leikstjórinn Andrés Muschietti, en hann sendi árið 2013 frá sér sína fyrstu mynd, *Mama*, sem mörgum hrollvekjunnendum fannst afar góð og vel útfærð mynd.

• *It* er ein af bestu spennumyndum ársins, verulega vel gerð í alla staði og inniheldur að sjálfsögðu mörg atriði sem fá hárin til að rísa.



Það er Bill Skarsgård sem leikur óvættinn og trúðinn Pennywise, en hann getur tekið á sig ýmsar myndir. Bill er eins og nafnið bendir til sonur Stellans Skarsgård og bróðir þeirra Gustafs og Alexanders.



American Made

Sannsögulegt



Aðalhlutverk: Tom Cruise, Domhnall Gleeson, Sarah Wright, Caleb Landry Jones, Jayma Mays, Jesse Plemons, Lola Kirke og Lara Grice
Leikstjórn: Doug Liman **Útgefandi:** Myndform

25. janúar



Barry Seal lagði sig margoft í mikla lífshættu á smyglerlinum og síðan í enn meiri hættu þegar hann gerðist uppljóstrari leynipjónustunnar.

Veistu svarið?

American Made er þriðja sannsögulega myndin sem Tom Cruise leikur í en þær fyrri voru myndin *Valkyrie* (2008) og mynd frá árinu 1989, en fyrir leik sinn í henni hlaut Tom Golden Globe-verðlaunin og var tilnefndur til Óskarsverðlauna. Hvaða mynd var það?



Born on the Fourth of July.

Sannar lygar

Oft er sagt að sannleikurinn geti verið ótrúlegri en skáldskapur og það sannast í myndinni *American Made* sem segir kostulega sögu flugmannsins, eiturlyfjasmyglarans og CIA-uppljóstrarans Barrys Seal sem Tom Cruise þykir leika af snilld.

Barrys Seal var flugmaður sem eftir að hafa flogið vélum flugfélagsins TWA frá 1966 til 1974 ákvað að söðla hressilega um og gerast stórtækur eiturlyfjasmyglari fyrir hinn stóra, kólumbíska Medellín-eiturlyfjahring þar sem hann tók m.a. við skipunum beint frá Pablo Escobar sjálfum. Í hátt í tíu ár tókst Barry síðan að smygla ógrynni af kókaíni til Bandaríkjanna og efnaðist mjög enda fékk hann um hálfa milljón Bandaríkjadala fyrir hvert flug. Að því kom þó að hann var handtekinn og árið 1984 var hann dæmdur í tíu ára fangelsi fyrir þær smyglerferðir sem sönnuðust á hann. Þá brá hann á það ráð að gerast uppljóstrari fyrir bandarísku leynipjónustuna CIA og það samstarf og sönnunargögnin sem Barry aflaði átti m.a. eftir að verða veigamikill þáttur í Iran-Contra-hneykslinu mikla sem skók bandarísk stjórnsmál á níunda áratug síðustu aldar.

Í þessari góðu og vel gerðu mynd leikstjórans Dougs Liman má segja að handritshöfundurinn Gary Spinell hafi þjappað hinni rúmlega 20 ára atburðarás í sögu Barrys saman í eina heild svo úr verður þrælskemmtileg og hröð keyrsla, fyndin og spennandi í senn.



Tom Cruise þykir fara á miklum kostum í aðalhlutverki *American Made*, sem flugmaðurinn, smygjarinn og uppljóstrari Barry Seal. Hann er hér ásamt eiginkonu sinni, Lucy, sem Sarah Wright leikur.

Punktar

★★★★ - *Total Film* ★★★★★ - *Empire* ★★★★★¹/₂ - *Variety*
 ★★★★★¹/₂ - *Screen* ★★★★★ - *Time Out* ★★★★★ - *Telegraph*

• Eins og kvikmyndaáhugafólk veit þá er Tom Cruise flugmaður í raun og veru og ákvað hann því að vera sjálfur við stýrið í flestum flugatriðum myndarinnar, en þau eru mörg og mjög vel útfærð.



Tom ráðfærir sig hér við leikstjóra myndarinnar, Doug Liman, fyrir töku á einu atriði myndarinnar, en Doug á m.a. að baki myndirnar *Swingers*, *The Bourne Identity*, *Mr. & Mrs. Smith*, *Jumper* og *Fair Game* auk vísindaskáldsögunnar *Edge of Tomorrow* sem Tom lék einnig aðalhlutverkið í.



Kingsman: The Golden Circle

Gamanmynd / Hasar



Aðalhlutverk: Taron Egerton, Colin Firth, Mark Strong, Channing Tatum, Halle Berry, Jeff Bridges, Julianne Moore, Pedro Pascal, Elton John, Vinnie Jones og Sophie Cookson **Leikstjórn:** Matthew Vaughn
Útgefandi: Síminn og Vodafone

25. janúar



Channing Tatum og Halle Berry leika þau Tequila og Ginger sem starfa fyrir bandarísku Statesman-leynipjónustuna.

Veistu svarið?

Það er ekki oft sem fimm handhafar Óskarsverðlauna koma saman í einni og sömu myndinni en það gerist í *Kingsman: The Golden Circle*. Hvaða leikarar myndarinnar hafa hlotið Óskarsverðlaunin?



Julianne Moore, Taron Egerton, Colin Firth, Jeff Bridges, Halle Berry, Mark Strong, Channing Tatum, Elton John

Gerið ykkur klár í slaginn!

Eftir að höfuðstöðvar Kingsman-leynipjónustunnar í Bretlandi eru sprengdar í tætlur uppgötva þeir Gary „Eggsy“ Unwin og Merlin að til eru bandarísk systursamtök kóngsmannanna, Statesman-leynipjónustan, og fá í framhaldinu aðstoð starfsmanna hennar til að berjast við hættulegasta óvin mannkyns til þessa, glæpasamtökin Gullna hringinn.

Kvikmyndin *Kingsman: The Secret Service* eftir Matthew Vaughn sló eins og allir vita í gegn í ársbyrjun 2015, enda bráðsniðug mynd í alla staði, frumleg, myndin og með frábærum slagsmála- og áhættuatriðum auk þess sem einkennandi og afar góð tónlist þeirra Matthews Margeson og Henrys Jackman lét vel í eyrum. Strax var ákveðið að gera framhaldsmynd og er skemmst frá því að segja að að henni stendur allt sama fólkið og stóð að þeirri fyrri að viðbættum leikurunum Channing Tatum, Jeff Bridges, Halle Berry, Julianne Moore, Pedro Pascal og fleirum, þar á meðal sjálfum Sir Elton John, sem leikur sjálfan sig í nokkrum kostulegum atriðum.

Kingsman: The Golden Circle er stanslaus keyrsla frá upphafi til enda, ekki síður skemmtileg og jafnvel enn hugmyndaríkari en fyrri myndin. Það ætti því ekki að koma neinum aðdáanda á óvart að nú þegar er búið að tilkynna um gerð þriðju myndarinnar!



Eins og í fyrri myndinni leikur Taron Egerton hér kóngsmanninn Gary „Eggsy“ Unwin sem nú þarf ásamt félögum sínum að takast á við hættulegasta óvin mannkyns til þessa og bjarga heiminum frá glötnun.

Punktar

★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *The Hollywood Reporter*

★★★★ - *IndieWire* ★★★★★ - *R. Stone* ★★★★★ - *Wash. Post*

★★★★ - *Guardian* ★★★★★ - *Total Film* ★★★★★ - *Village Voice*

• Herrafataverslunin Kingsman sem í myndunum er anddyri hinnar fjölbreyttu tækja- og vopnabirgðageymslu Kingsman-leynipjónustunnar, er raunveruleg verslun sem heitir Huntsman. Hún er í húsi númer ellefu við Saville Row í London, en það var einmitt uppi á þaki húss númer þrjú við þá götu sem Bítlarnir héldu sína síðustu tónleika árið 1969. Verslunin hefur heldur betur notið góðs af kynningunni sem hún fékk í fyrstu myndinni enda er hún núna vinsæll viðkomustaður ferðamanna. Þess má geta að ástæðan fyrir því að Huntsman var notuð sem sviðsmynd er að þar keypti móðir leikstjórans, Matthews Vaughn, á hann hans fyrstu jakkaföt.





Frábærar McCain franskar á 5 mínútum

Franskar kartöflur í sérflokki sem þú töfrar fram á augabragði.
Einföld og fljótleg matreiðsla og algjör sæla fyrir bragðlaukana.
Prófaðu núna!





VOD L 84 min

Aðalhlutverk: Becca Tobin, Ryan Kelley og Jason London **Leikstj.:** Steven R. Monroe **Útgefandi:** Sena

Rómantík

25. janúar

Do I Say I Do?

Segðu það sem þú meinar

Sálfræðingurinn og rithöfundurinn Jessica hefur tvöfalda ástæðu til að vera ánægð þegar hún skilar sinni annarri bók til útgefanda síns, Mikes, því ekki bara hefur hún þá loksins uppfyllt útgáfusamninginn heldur er hún endanlega laus við Mike sem er einnig fyrrverandi eiginmaður hennar!

Do I Say I Do? er ein rómantíska kómedían í viðbót sem kynnt er í blaðinu að þessu sinni en hún er í sama léttu dúrnum og myndirnar *Advance and Retreat* og *Bad Dates Chronicles* sem kynntar eru hér framar í blaðinu.

Það sem Jessica veit ekki þegar hún skilar bókinni til Mikes er að í útgáfusamningnum var klásúla sem skyldar hana til að gera kynningarmyndbönd um bókina í auglýsingaskyni. Þetta þýðir að hún er ekki alveg laus við Mike eins og hún hélt og því síður veit hún að Mike, sem vill ekki að sambandi þeirra ljúki, ætlar að nota þetta síðasta tækifæri sem hann fær til að vinna ástir hennar að nýju ...



Ryan Kelley og Becca Tobin leika þau Mike og Jessicu í *Do I Say I Do?*



VOD L 87 min

Teiknimynd með íslensku tali um Tashi og frænda hans Jack **Útgefandi:** Myndform

Barnaefni

26. janúar

Tashi

Í ævintýraheimum getur allt gerst

Ástralskir teiknimyndapættir um hinn hugrakka Tashi sem býr í sannköll-uðu ævintýralandi þar sem furðuverur eru á hverju strái og allt getur gerst.

Teiknimyndapættirnir um Tashi og frænda hans, hinn hugmyndaríka Jack sem heimsækir Tashi oft og tíðum, hafa notið mikilla vinsælda á sjónvarpsstöðvum enda litríkir og viðburðaríkir svo af ber auk þess sem húmorinn er í hávegum hafður. Þættirnir eru um tólf mínútur að lengd hver og segja frá þeim ótrúlegu ævintýrum sem þeir frændur lenda í, en í þeim þurfa þeir oft að leysa vandasamar þrautir til að sleppa heilir á húfi frá furðulegustu aðstæðum og enn furðulegri verum ...



Punktar

• Þessi útgáfa inniheldur þætti 46 til 52 í teiknimyndaseríunni um Tashi og frænda hans, en allir fyrri þættirnir ættu enn að vera fáanlegir á VOD-leigunum.



Þeir Tashi og Jack vita aldrei fyrirfram í hverju þeir lenda þann daginn!



Aðalhlutv.: Talitha Bateman, Alfre Woodard og Jacinda Barrett **Leikstj.:** Stephen Gyllenhaal **Útg.:** Myndform

Drama

26. janúar

So B. It

Sumum spurningum verður að svara

Heidi DeMuth hefur alist upp við þær óvenjulegu aðstæður að hún þekkir engan úr fjölskyldu sinni aðra en móður sína sem er heilabíluð og getur ekki upplýst hana um neitt. Um þessi mál hefur hún orðið forvitnari með árunum og að því kemur að hún ákveður að finna svörin upp á eigin spýtur.

Allt frá fæðingu hefur Heidi alist upp með móður sinni og umsjónarkonu hennar, Bernadette, sem varð um leið uppeldismóðir Heidiar. Með aldrinum hefur hún svo orðið sífellt forvitnari um hverra manna hún sé, og þá ekki síst um hver sé faðir hennar. Hún ákveður því dag einn að sætta sig ekki lengur við gátuna og stingur af með takmarkaðar vísbendingar um hvar einhverja úr ætt hennar sé að finna ...

Punktar

★★★★ - *L.A. Times*

• Talitha Bateman sem leikur Heidi í *So B. It* er án vafa ein af efnilegustu ungu leikkonum Bandaríkjanna í dag en hún hóf leikferilinn aðeins tíu ára að aldri og hefur síðan leikið í ýmsum sjónvarpsþáttum og bíómyndum, nú síðast í myndunum *Geostorm* og *Annabelle: Creation*. *So B. It* er fyrsta myndin sem hún ber uppi í aðalhlutverki og sýnir um leið hvers vegna henni er spáð svo miklum frama. Fylgist með henni frá byrjun!



Heidi (Talitha Bateman) ásamt uppeldismóður sinni Bernadette (Alfre Woodard) sem þekkir ekki heldur neinn úr fjölskyldu Heidi aðra en móður hennar og getur því lítið aðstoðað hana við að finna svörin.

Victoria & Abdul

Enginn er of gamall til að læra eitthvað nýtt

Nýjasta mynd meistaraleikstjórans Stephens Frears skartar hinni frábæru leikkonu Judi Dench í hlutverki Viktoríu drottningar, en Judi er þegar þetta er skrifað tilnefnd til Golden Globe-verðlauna fyrir leik sinn og verður mjög líklega einnig tilnefnd fyrir hann til BAFTA- og Óskarverðlaunanna í janúar.

Myndin hefst árið 1899 þegar Viktoría hafði ríkt í 62 ár og var að verða áttæð. Þegar ungur indverskur sendiboði og þjónn, Abdul að nafni, færir henni gjöf frá heimalandi sínu heillast hún af hreinlyndi hans og framkomu, og ekki síður af þekkingu hans á Kóraninum. Hún ákveður því að gera hann að kennara sínum um trú og siði múslima, mörgum úr hirðinni til mikillar undrunar. Á sama tíma á hún í deilum við þingið og einstaka þingmenn sem vilja bregða fyrir hana fæti ...

Punktar


★★★★★ - *The New York Observer* ★★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *Total Film* ★★★★★1/2 - *R.Ebert.com* ★★★★★1/2 - *E.W.* ★★★★★1/2 - *Hollywood Reporter*

• Enski leikstjórinn Stephen Frears á að baki fjölmargar rómaðar myndir og má þar nefna t.d. *Dangerous Liaisons*, *The Queen*, *Philomena*, *Florence Foster Jenkins*, *High Fidelity*, *My Beautiful Laundrette* og *Dirty Pretty Things*, en myndir hans hafa hlotið ótal verðlaun, þ. á m. mörg BAFTA-, Golden Globe- og Óskarsverðlaun.

• Þetta er í annað sinn sem Judi Dench leikur Viktoríu drottningu en það gerði hún einnig í mynd Johns Madden, *Mrs. Brown*, árið 1997. Um leið er þetta í þriðja sinn sem hún leikur aðalhlutverk í mynd eftir Stephen Frears.



Judi Dench og Ali Fazal sýna stórkostlegan samleik í þessari mynd og hrífandi mynd Stephens Frears.



Aðalhl.: Judi Dench, Ali Fazal og Tim Pigott-Smith **Leikstjór.:** Stephen Frears **Útgefandi:** Síminn og Vodafone

Sannsögulegt

29. janúar



TOPP 20



Emoji-myndin

Emoji-myndin er nýjasta teiknimyndin frá Sony og hefur að geyma litríkt, fjórugt og myndið ævintýri sem öll fjölskyldan getur skemmt sér vel yfir. Sagan er um broskallinn Gene sem býr ásamt aragrúa alls kyns táknna í emoji-borg á milli appanna í símanum. Gene er svokallað „meh“-tákn en hefur litla stjörnu á svipbrigðum sínum og hin táknin í borginni eru hrædd um að síminn verði straujaður komist eigandinn að vandamálinu. Hvað getur Gene gert?

Teiknimynd



The Hitman's Bodyguard

Lífverðurinn Michael Bryce er toppmaður í sínu fagi og því er hann fenginn til að vernda líf uppljóstrara sem harðstjórnin Vladislav Dukhovich vill koma fyrir kattarnef. Vandamálið er að Michael þekkir uppljóstraran vel því hann hefur reynt að drepa hann tuttugu og sjö sinnum. Grínhasar í sérfrókk!

Spenna / Hasar



Sonur Stórfótur

Adam er ósköp venjulegur strákur sem uppgötvar dag einn viðbendingar um hvað orðið hafi af föður hans sem hvarf sporlaust fyrir mörgum árum. Þetta verður til þess að Adam ákveður að fara að leita að honum og kemst þá að því að faðir hans er enginn annar en þjóðsagnapersónan Stórfótur.

Teiknimynd



Pegar Trölfi stal jólinum

Pegar Trölfi stal jólinum er sigld saga eftir dr. Seuss sem segir frá ævintýra-veröld í snjókönni. Þar býr Trölfi hátt uppi í fjöllum og lætur það fara í taugarnar á sér að í gamla heimabæ hans skuli ríkja gleði og glaðvæð vegna komu jólnanna. Hann ákveður því að skemma jólin fyrir bæjarbúum og skemmta sér um leið.

Ævintýri



Rokkhundurinn

Boði er hundastrákur sem ætlað er að gerast fjárgæsluhundur þegar fram líða stundir. En Boði er nokkuð viss um að fjárgæslan sé ekki fyrir hann og þegar útvarp fellur bókstaflega af himnum ofan dag einn og lendir í fangi hans sannfærast hann endanlega um að honum sé ætlað að verða rokkhundur.

Teiknimynd



Home Alone

Home Alone er fyrir löngu orðin sigld gamanmynd enda alltaf jafn skemmtileg. Hér segir frá hinum átta ára Kevin McCallister (Macaulay Culkin) sem er skilinn eftir einn heima og þarf að grípa til sinna ráða þegar tveir óþrútnir innbrotsbjófar fá augastað á húsinu sem hann býr í. Getur Kevin séð við þeim?

Gamanmynd



Hneturánið 2

Íkorninn Surli og hin dýrin í Eikarbæ hafa haft það gott frá því við hittum þau í samnefndri mynd árið 2014. Nú er tilveru þeirra hins vegar ógnað þegar borgarstjórnin ákveður að ryðja burt almenningsgarðinn sem þau búa í og nota svæðið í staðinn undir skemmtigarði. Hvað geta Surli og hin dýrin gert?

Teiknimynd



Ég man þig

Ég man þig er nýjasta mynd Óskars þórs Axelssonar sem gerði hina hörkugóðu Svartur á leik árið 2012, en hún er byggð á samnefndri skáldsögu Yrsu Sigurðardóttur, einni bestu spennusögu íslensks rithöfundar frá upphafi. Ég man þig er ein vinsælasta mynd ársins í kvikmyndahúsum, mynd sem allir ættu að sjá.

Spenna / Tryllir



Elf

Elf er uppháldsjölamynd margra en hér fer Will Ferrell á kostum í hlutverki álfsins Buddys sem er reyndar ekki álfur heldur heldur bara að hann sé það. Dag einn ákveða hinir álfnar í Norðurþolnum að senda Buddy til Bandaríkjanna þar sem hann á um síðir eftir að komast að því hver hans sanni uppruni er.

Gamanmynd



Shot Caller

Shot Caller er gríðarlega áleitinn, áhrifamikil og spennandi mynd sem hefur fengið afar góða dóma, en hún segir frá manni einum sem er dæmdur í fangelsi fyrir manndráp af gáleysi og þarf að grípa til sinna ráða til að lifa af innan veggja múranna. Sú reynsla á eftir að breyta honum og lífi hans til framtíðar.

Spennumynd



Aulinn ég 3

Pegar þeim Gru og Lucy er sparkað úr starfi og skósvéinarnir ákveða að yfirgefa Gru vegna skorts hans á glæpsamlegu innrætti ákveða þau Lucy að gera gott úr öllu og einbeita sér að heimilislífinu og upplédi fósturæðranna. En þá uppgötvar Gru að hann á bróður. Grín og fjór fyrir alla fjölskylduna.

Teiknimynd



Borg vs McEnroe

Hér fá áhorfendur að kynna forsögunni að einum magnaðasta úrslitaleik sögunnar sem fram fór á Wimbledon-móti árið 1980 og um leið er skýgginn á bak við tjöldin í lífi beggja keppenda, þeirra Björns Borg og Johns McEnroe, og skoðað hvað þeir þurftu að leggja á sig til að ná upp á toppinn í tennisheiminum.

Sannsögulegt



The Dark Tower

Kvikmyndin The Dark Tower er byggð á geysivinsælli bókaseríu eftir rithöfundinn kunnna, Stephen King, og segir frá hinni eilífu baráttu á milli góðs og ills. Þeir Idris Elba og Matthew McConaughey leika hér andstæðinga sem eru ekki af þessum heimi en lifa á jörðinni veltur á því að sá betri sigri í átökunum.

Spenna / Ævintýri



Atomic Blonde

Þegar breskur nýsarni er myrtur í Berlín ákveður leynipjónustan MI6 að senda á vettvang sína bestu konu, hina eitilhöru Lorraine sem er langt frá því að vera lamb að leika sér við þótt hún viti svo sem eins og flestir aðrir að starfið muni eflaust verða henni að aldurtíla að lokum. Vonandi ekki í dag samt.

Spenna / Hasar



Spider-Man: Homecoming

Spider-Man: Homecoming er þriðja endurræsingur á sögunum um köngulóarmanninn Peter Parker og hefst þar sem Captain America: Civil War endaði, þ.e. á bardaganum mikla þar sem Spider-Man blandaði sér övænt í baráttuna. Þetta er bráðfyndin ofurhetjumynd með miklum hasar og köstulegum uppakönum.

Ofurhetjur



Diary of a Wimpy Kid: The Long ...

Diary of a Wimpy Kid-myndirnar hafa notið mikilla vinsælda allt frá því að fyrsta myndin kom út árið 2010, en þessar bráðskemmtilegu myndir segja frá Heffley-fjölskyldunni sem lendir í alls konar fyndnum aðstæðum þar sem fjölskyldumeðlimirnir bregðast við hlutum á annan hátt en flest annað fólk!

Gamanmynd



Bílar 3

Þriðja myndin í Pixar-seríunni um bílana gerist nokkrum árum eftir atburðina í síðustu mynd. Fyrir utan Leifur-McQueen endurnýjum við hér kynnin af mörgum karakterum fyrri myndanna um leið og við kynnumst nokkrum nýjum, þar á meðal kraftmiklum keppinautum McQueens um titlana!

Teiknimynd



The Glass Castle

Glerkastalinn (The Glass Castle) er byggð á æviminningum og samnefndri met-sölubók Jeannette Walls sem kom út í Bandaríkjunum árið 2005 og á Íslandi hjá JPV-útgáfunni árið 2008 í alveg sérlega góðri þýðingu Önnu Mariu Hilmarsdóttur. Þetta er saga af afar sérstakri fjölskyldu sem lifði lífinu á eigin forsendum.

Sannsögulegt





TASTE THE FEELING®





Monster Hunter World

Monster Hunter World er nýjasti leikurinn í þessari stórbrotnu seríu sem þegar hefur selst í meira en 40 milljónum eintaka.

Monster Hunter World inniheldur algjörlega opinn heim sem skartar sínu eigin vistkerfi. Þar eru til staðar hinar ýmsu plöntu- og dýrategundir sem vaxa, dafna og þróast, en leikmenn fara í hlutverk veiðimanns sem leitar uppi og drepur illvígustu kvikindin í æsispennandi bardögum. Í þessum nýja leik geta leikmenn farið einir og sér á veiðar eða í hópi með allt að þremur öðrum.

Monster Hunter World er einn af stóru leikjum ársins 2018.



Tegund: Hasar- og hlutverkaleikur

Kemur út á: PC, PS4 og Xbox One

PEGI aldurstakmark: 16+

Útgáfudagur: 26. janúar

Framleiðandi: Capcom

Útgefandi: Sena

Leikurinn inniheldur, m.a.:

- **Algjörlega opinn heim** með sínu eigin vistkerfi þar sem dýr og plöntur vaxa og þróast.
- **Netspilun** þar sem allt að fjórir geta spilað og veitt kvikindi af öllu stærðum og gerðum.
- **Getuna** til að búa til sín eigin vopn og bæta möguleikana á að lifa af í þessum litríka og æsispennandi heimi.



Hugh Jackman var sultuslakur að hjóla á miðri Manhattan í New York 12. desember og hafði leigt sér almenningshjól ásamt eiginkonunni Deborah-Lee Furness sem var ekki langt undan.



Sama dag, bara á vesturströndinni, þ.e. í Los Angeles, var Margot Robbie úti í göngutúr með hundinn sinn í fanginu, líka alveg sultuslök. Því miður vitum við ekki hvað hundurinn heitir.



Matthew McConaughey og eiginkona hans, Camila Alves, kusu hins vegar að skella sér til Miami og fara þar á tónleika með Duran Duran sem haldnir voru í Faena-leikhúsinu.



Dwayne Johnson var fjallhress þegar hann mætti ásamt dóttur sinni Jasmine til að veita viðtöku stjörnu í Walk of Fame-gangstéttinni á Hollywood-breiðstrætinu 13. desember.



Á meðan var Ryan Gosling staddur Atlanta þar sem enn var verið að taka upp myndina *First Man* en í henni leikur Ryan geimfarann Neil Armstrong sem sté fyrstur manna á tunglið.



Þau Daisy Riddle og Mark Hamill höfðu hins vegar brugðið sér til Lundúna til að vera viðstödd forsýningu á nýju *Star Wars*-myndinni og fór vel á með þeim eins og alltaf áður.